

Nd.

483. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög].

Frá samgöngumálanefnd.

Á öndverðu Alþingi var frv. þessu, á þskj. 98, vísað til nefndarinnar, og hafa síðan margar breytingar- og viðaukatillögur komið fram. Í háttv. Ed. höfðu samtímis eða enda fyr komið fram tvö frv. um breyting á nefndum lögum, og bjóst nefndin við, að þau mundu fljótlega koma til Nd. og áleit því rjettast að biða þess, því henni fanst óviðkunnanlegt að afgreiða þjú frv. um breyting á sömu lögum á sama þingi. En þetta hefir alveg brugðist; frv. hafa verið svæfð í samgöngumálanefnd Ed., en þessari nefnd þykir sjálfsagt að skila álitinu sínu um málið.

sjálft verði felt ásamt tilheyrandi breytingar- og viðaukatillögum. Nefndin verður að vera honum sammála um, að breytingar á vegalöggjöfnni sjeu ekki tímabærar sem stendur, þótt einstakar þeirra kunni að eiga einhvern rjett á sjer, eins og nánar verður getið í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði felt ásamt öllum breytingar- og viðaukatillögum.

Alþingi, 30. apríl 1927.

Kl. Jónsson,
form. og frsm.

Sveinn Ólafsson.

Pjetur Þórðarson,
með fyrirvara.

Jón Ólafsson,

Hákon J. Kristófersson.